

**Nd. 413. Frumvarp til laga [206. mál]**

um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

**1. gr.**

Með tónlistarskóla er í lögum þessum átt við skóla, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

- 1) Hefur a. m. k. einn fastan kennara, auk tveggja eða fleiri stundakennara.
- 2) Starfar minnst sjö mánuði á ári og lýkur með vorprófum og opinberum nemendatónleikum.
- 3) Veitir hverjum nemanda um sig (einum í einu) kennslu í hljóðfæraleik (píanó, strengja- eða blásturshljóðfæri) eina stund í viku. Auk þess séu a. m. k. tvær aukánámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónlistarsaga, tónheyrn og samleikur).
- 4) Hefur a. m. k. 30 nemendur.

**2. gr.**

Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá allt að  $\frac{1}{3}$  rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans.

**3. gr.**

Rekstrarstyrkir til tónlistarskóla skulu ákveðnir í fjárlögum. Gerir menntamálaráðuneytið í sambandi við undirbúning fjárlaga tillögu um fjárveitingu til hvers skóla um sig, með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu skólans síðasta starfsár, sbr. 4. gr.

**4. gr.**

Tónlistarskólar, sem styrks njóta skv. lögum þessum, skulu senda menntamálaráðuneytinu fyrir 15. júní árlega endurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning sinn fyrir síðastliðið ár, ásamt skýrslu um starfsemi skólans, svo og fjárhags- og starfsáætlun næsta árs. Getur ráðuneytið ákveðið, í hvaða formi skýrslur þessar skuli vera.

**5. gr.**

Nú berst umsókn um rekstrarstyrk til tónlistarskóla, sem er að hefja starfsemi, og skal þá styrkur eigi veittur fyrr en menntamálaráðuneytið hefur kannað allar aðstæður til að starfrækja styrkhæfan skóla á viðkomandi stað. Ef skilyrði til skólahalds reynast fyrir hendi, þá skal styrkur í fyrsta sinn ákveðinn með hliðsjón af rekstraráætlun.

**6. gr.**

Styrkur skal veittur tónlistarskólum til hljóðfærakaupa, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Menntamálaráðuneytið skiptir styrknum með hliðsjón af þörf skólanna. Styrkur má þó aldrei vera hærri en nemi  $\frac{1}{3}$  af andvirði hljóðfærisins.

**7. gr.**

Heimilt er að veita styrki til tónlistarkennslu á stöðum, sem ekki fullnægja framangreindum skilyrðum um tónlistarskóla. Skulu styrkumsóknir sendar menntamálaráðuneytinu eigi síðar en 15. júní ár hvert, ásamt nákvæmri skýrslu um kennsluna síðastliðinn vetur og kostnað við hana, svo og starfs- og kostnaðaráætlun fyrir næsta starfsár. Ef ástæða telst til styrkveitingar, gerir menntamálaráðuneytið síðan tillögu um fjárlagastyrk til slíkrar tónlistarkennslu með hliðsjón af því, hversu fullkomna og fjölbætta kennslu er um að ræða. Styrkhlutfall má þó aldrei vera herra en gildir um tónlistarskóla.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið getur kvatt sér til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara sérfróða menn í tónlistarmálum.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má þar gera að skilyrði fyrir styrkgreiðslu, að námsskrá hlutaðeigandi skóla hafi hlotið staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. og 2. október s. l. boðaði menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, skólastjóra tónlistarskólanna til fundar í Reykjavík til þess að ræða fjármál skólanna og skipulag. Í framhaldi af þeim fundi var þeim Birgi Thorlacius, ráðuneytisstjóra, Jóni Nordal, skólastjóra og Magnúsi Jónssyni, alþingismanni, falið að gera tillögu um styrkveitingar til tónlistarskóla í sambandi við samningu fjárlaga fyrir árið 1963. Eru fjárveitingar í gildandi fjárlögum í samræmi við tillögur þeirra.

Sömu mönnum var síðan falið að semja frumvarp til laga um fjárhagsstuðning við tónlistarskóla. Hafa þeir samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir, og fylgdi því af þeirra hálfu svofelld greinargerð:

Hinn 1. júní 1959 gaf menntamálaráðuneytið út reglugerð um kennaramenntun í söng og tónlist. Með henni var komið á fót við Tónlistarskólann í Reykjavík sérstakri deild til að sérmennta og útskrifa tónlistarkennara við barna-, unglinga- og framhaldsskóla, en Kennaraskóli Íslands hefur áfram með höndum kennslu, sem veitir réttindi til söngkennslu í skólum skyldunámsins, nema í þeim skólum, sem hafa sérkennara í söng, þar ganga tónlistarkennarar úr kennaradeild Tónlistarskólans fyrir. Er samstarf með Tónlistarskólanum og Kennaraskólanum um menntun söng- og tónlistarkennara. Skortur á söng- og tónlistarkennurum hefur staðið kennslu í þessari grein nokkuð fyrir þrifum. En í námsskrá, sem menntamálaráðuneytið gaf út 16. september 1960 fyrir skyldufræðslustigið, eru allýtarleg ákvæði um söng- og tónlistarkennslu. Má gera ráð fyrir, að með þessu hvoru tveggja, námskránni og samstarfi Tónlistarskólans og Kennaraskólans um menntun kennaranna, sé lagður grundvöllur að verulegum endurbótum í þessu efni, að því er skyldufræðslustigið varðar, og taldi nefndin, sem frv. þetta samdi, ekki ástæðu til að fjalla um þá hlið tónlistarfræðslu í frumvarpinu. En hin æðri tónlistarfræðsla fer fram í einkaskólum, sem njóta styrks frá ríki og sveitarfélögum, og er æskilegt að setja ákvæði um aðild hins opinbera að þeirri starfsemi.

Hinn 27. maí 1960 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu frá Magnúsi Jónssyni, Benedikt Gröndal og Kjartani J. Jóhannssyni:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um tónlistarfræðslu, þar sem m. a. séu sett skýr ákvæði um aðild ríkisins að þessari fræðslu, hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við tónlistarskóla og hvaða skilyrði skólar þessir þurfa að uppfylla til að njóta ríkisstyrks.“

Í framhaldi af þessari ályktun boðaði menntamálaráðherra skólastjóra allra tónlistarskóla á landinu til fundar í Reykjavík dagana 1. og 2. október 1962, og voru þar rædd málefni þessara skóla almennt, þ. á m. fjárhagsgrundvöllur þeirra. Á fundi þessum kom í ljós, að skólastjórnir voru ánægðir með stofnun kennaradeildarinnar við Tónlistarskólann í Reykjavík, og var talið æskilegt að lengja starfstíma hennar hið fyrsta úr tveimur árum í þrjú. Taldi fundurinn einnig æskilegt, að samræmt yrði námsefni og prófkröfur tónlistarskólanna, og í frumvarpi því, sem nefndin hefur samið, er gert ráð fyrir, að gera megi að skilyrði fyrir styrkgreiðslu, að námsskrá hlutaðeigandi skóla hafi hlotið staðfestingu menntamálaráðu-

neytisins. Fundurinn taldi framlög ríkis og sveitarfélaga til tónlistarskóla ónóg, og að rétt og eðlilegt væri að miða þau við fjölda nemenda og kennslugreina, auk sérstakra aðstæðna á hverjum stað, enda sé þá haldið uppi svo fullkominni kennslu í nauðsynlegum aukagreinum sem frekast er unnt. Er leitast við í frumvarpinu að taka tillit til þessa og tekið fram í 1. grein, hvaða skilyrðum tónlistarskólar þurfi að fullnægja til þess að njóta fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði. Nú hagar vitanlega víða þannig til, að ekki eru skilyrði til að reka tónlistarskóla, er fullnægi þeim kröfum, sem í frumvarpinu eru gerðar, og er þá gert ráð fyrir, að veittur verði styrkur í fjárlögum til tónlistarkennslu á slíkum stöðum eftir því um hve fullkomna og fjölpætta fræðslu er að ræða. Þó mega slíkir styrkir aldrei verða hlutfallslega hærri en til tónlistarskóla.

Á fundi skólastjóra tónlistarskólanna voru menn á einu máli um, að æskilegt væri að fá sérstakt framlag handa tónlistarskólum til kaupa á hljóðfærum, nótum og öðrum kennslutækjum, og stuðla að útgáfu kennslubóka, svo og að koma á fót í Reykjavík hljómplötu- og nótnasafni, sem skólarnir allir gætu átt aðgang að. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að góð hljóðfæri kosta mjög mikið fé, og eru aðflutningsgjöld hár liður í þeim kostnaði. Taldi fundurinn brýna nauðsyn bera til þess, að afnumdir yrðu eða lækkaðir stórlega tollar á hljóðfærum, og skólunum gert auðvelt að eignast vönduð vélræn tónflutningstæki (segulbönd, segulbands-tæki, hljómplötur og grammófóna). Fór menntamálaráðuneytið fram á með bréfi til fjármálaráðuneytisins 15. febrúar 1963, að við endurskoðun þá, sem nú fer fram á tollskrárlögunum, verði tekið tillit til þeirra óska, sem að framan er lýst. Tónlist er mikið menningaratriði í félagslífi og á heimilum, og er því æskilegt, að aðflutningsgjöld á hljóðfærum séu lækkuð frá því, sem verið hefur. Til þess að auðvelda tónlistarskólunum hljóðfærakaup og fleira, voru teknar 200 þús. kr. í fjárlög fyrir árið 1963 (14. gr. B. XLV. 24.).

Meginstefna þessa frumvarps er, að tónlistarskólarnir verði áfram, eins og verið hefur, einkaskólar, er njóti fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi sveitarsjóði. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að skólarnir fái allt að  $\frac{1}{3}$  rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags. Jafnframt er kveðið á um, hvaða skilyrðum tónlistarskóli þurfi að fullnægja til að teljast styrkhæfur. Aðalskilyrðin eru: að við skólann starfi a. m. k. einn fastur kennari, auk tveggja stundakennara, að skólinn starfi minnst 7 mánuði á ári og ljúki með vorprófum og opinberum nemendatónleikum, að skólinn veiti hverjum nemanda um sig (einum í einu) kennslu í hljóðfæraleik (píanó, strengja- eða blásturshljóðfæri), auk kennslu a. m. k. tveggja aukanámsgreina í hóptímum (tónfræði, tónlistarsaga, tónheyrn og samleikur), og loks, að hver skóli hafi a. m. k. 30 nemendur.

Ef óskir berast um rekstrarstyrk til tónlistarskóla, sem er að hefja störf, þá er menntamálaráðuneytinu ætlað að kanna aðstæður til stofnunar og rekstrar slíks skóla á viðkomandi stað, og getur ráðuneytið í því sambandi og við aðra framkvæmd laganna kvatt sér til aðstoðar sérfróða menn í tónlistarmálum. Þá kveður frumvarpið á um það, að ráðuneytið skuli í sambandi við undirbúning fjárlaga hverju sinni gera tillögur um fjárveitingu til hvers tónlistarskóla um sig með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu hans síðasta starfsár, og eins og áður segir, er einnig heimilt skv. frumvarpinu að veita styrki til tónlistarkennslu á stöðum, sem ekki fullnægja skilyrðum um rekstur tónlistarskóla. Skulu beiðnir um slíka styrki sendast menntamálaráðuneytinu, sem síðan gerir tillögur um styrkveitingar í fjárlögum, ef ástæða virðist til.

Í sambandi við undirbúning þessa frumvarps fékk nefndin Jón Þórarinsson, tónskáld, til þess að heimsækja alla starfandi tónlistarskóla á landinu og kynna sér aðstæður þeirra. Fer hér á eftir yfirlit, er hann gerði, um nemendafjölda, tölu kennara, skólagjöld, fjárlagastyrk og styrk frá sveitarsjóði hvers skóla:

### Skólasókn og kennaralið.

	Nemendur:		Kennarar: <sup>4)</sup>	
	reglul.	sérst. <sup>1)</sup>	fastr.	stundak.
Tónlistarskólinn í Reykjavík <sup>2)</sup> . . . . .	201		4	23
— Kennaradeild . . . . .	8		2	
Tónlistarskóli Akureyrar . . . . .	67		3	3
Tónlistarskóli Ísafjarðar . . . . .	36		1	3
Tónskóli Siglufjarðar . . . . .	36	50	2	
Tónlistarskóli Siglufjarðar . . . . .	12		1	
Tónlistarskóli Akraness . . . . .	41	43	1	3
Tónlistarskóli Árnassýslu . . . . .	38		1	3
Tónlistarskóli Rangæinga . . . . .	27		1	
Tónlistarskóli Eyrarbakka . . . . .	15		1	
Tónlistarskólinn í Keflavík . . . . .	56	20	1	5
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar . . . . .	65	78	1	5
Tónlistarskóli Neskaupstaðar . . . . .	35	10	1	1
Tónlistarskóli Húsavíkur <sup>3)</sup> . . . . .	28		1	
<b>Samtals</b>	<b>665</b>	<b>201</b>	<b>21</b>	<b>46</b>

### Rekstrargrundvöllur.

Eftirfarandi yfirlit sýnir tekjustofna skólanna skólaárið 1961—62. Skólagjöldin munu þó í sumum tilfellum vera áætlaðar upphæðir fyrir yfirstandandi skólaár. Opinberu styrkir eru tilfærðir eins og þeir voru 1962.

	Skólagjöld	Ríkisst.	Bæjarst.	Aðrar tekjur
Tónlistarskólinn í Reykjavík . . . . .	402 þús.	110 þús.	250 þús.	250 þús. <sup>1)</sup>
— Kennaradeild . . . . .		185 —		
Tónlistarskóli Akureyrar . . . . .	130 —	40 —	80 —	10 — <sup>2)</sup>
Tónlistarskóli Ísafjarðar . . . . .	70 —	30 —	20 —	
Tónskóli Siglufjarðar . . . . .	54 —	15 —	15 —	64 — <sup>3)</sup>
Tónlistarskóli Siglufjarðar . . . . .	18 —	15 —	15 —	
Tónlistarskóli Vestmannaeyja . . . . .		15 — <sup>4)</sup>		8
Tónlistarskóli Akraness . . . . .	74 —	30 —	30 —	
Tónlistarskóli Rangæinga . . . . .	19 —	10 —	10 —	
Tónlistarskóli Árnassýslu . . . . .	43 —	10 —	50 — <sup>5)</sup>	15 — <sup>6)</sup>
Tónlistarskóli Eyrarbakka . . . . .	20 —	10 —		
Tónlistarskólinn í Keflavík . . . . .	68 —	20 —	35 — <sup>7)</sup>	
Tónlistarskóli Eskifjarðar . . . . .		10 — <sup>8)</sup>		
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar . . . . .	80 —	30 —	15 —	83 — <sup>9)</sup>
Tónlistarskóli Neskaupstaðar . . . . .	30 —	10 —	10 —	
Tónlistarskóli Húsavíkur . . . . .	22 —	10 —	10 —	
<b>Samtals</b>	<b>1030 þús.</b>	<b>550 þús.</b>	<b>540 þús.</b>	<b>422 þús.</b>

1) Sérstakir nemendur eru taldir þátttakendur í námskeiðum, drengir í drengjalúðrasveit í Hafnarfirði o. s. frv. — 2) Tónlistarskólinn í Reykjavík er hér tekinn með vegna heildaryfirlits, þótt skýrsla J. Þ. nái ekki til hans að öðru leyti. — 3) Skólinn á Húsavík starfar 4 mán. á þessu skólaári (3 mán. í fyrra vetur). — 4) Fáeinir kennarar eru tvítaldir, þar eð þeir kenna við tvo skóla.

1) Frá Tónabíói. — 2) Úr Menningarsjóði KEA. — 3) Úr bæjarsjóði fyrir kennslu skólabarna 10 þús., úr Menningarsjóði ASÍ 10 þús., tekjur af námssk. 24 þús., tekjur af pylsuvagni 10 þús., gjafir 10 þús. — 4) Ógreiddur, þar sem skólinn hefur ekki starfað síðustu ár. — 5) Úr sýslusj. 25 þús., úr hreppsj. 25 þús. — 6) Frá Tónlistarskóla Rangæinga fyrir kennslu. — 7) Úr bæjarsj. Keflavíkur 30 þús., frá Njarðvíkurhr. 5 þús. — 8) Ógreiddur, þar sem skólinn hefur ekki starfað síðustu ár. — 9) Óbæinn bæjarst., þar í laun kennara drengjalúðrasveitar.

Framlög til tónlistarskóla í fjárlögum fyrir árið 1963 nema samtals kr. 889 284.00, auk 200 þús. kr. til hljóðfæraakaupa o. fl.

Útgjöld ríkissjóðs á árinu 1964 mundu samkvæmt frumvarpi þessu væntanlega verða rúmlega 1.2 milljónir króna, miðað við þær upplýsingar, sem tekizt hefur að afla um rekstrarkostnað tónlistarskóla 1961—62. Þar að auki er hinn sérstaki styrkur til hljóðfæraakaupa.

Benda má á, að fjárframlög til tónlistarskólanna eru vitanlega jafnan í höndum Alþingis við samningu hverra fjárlaga, því að einungis er miðað við, að styrkurinn geti orðið allt að  $\frac{1}{3}$  rekstrarkostnaðar, og styrkur til tónlistarfræðslu, þar sem ekki eru tónlistarskólar, má aldrei verða hlutfallslega hærri en styrkurinn til skólanna. Er matsatriði ráðuneytis og Alþingis við gerð fjárlaga hverju sinni, hve mikill stuðningurinn verður innan þessa ramma.